

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 335/1994.

**Snorri Ólafsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Gylfa Gunnarssyni**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Endurupptaka. Útivist í héraði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júlí 1994, sem barst Hæstarétti 2. ágúst sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um endurupptöku héraðsdómsmálsins nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Kæra málsins er heimil samkvæmt q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá málsatvikum og málsástæðum aðila. Í kæru sinni og greinargerð fyrir Hæstarétti byggir sóknaraðili á þeirri málsástæðu auk þeirrar, sem hann hafði uppi í héraði og gerð er grein fyrir í úrskurði héraðsdómara, að ekki sé lagagrundvöllur til að verða við beiðni varnaraðila um endurupptöku, þar sem útivist hans í héraði hafi orðið vegna ákvörðunar varnaraðila, en ekki fyrir mistök. Engar tilkynningar hafi borist um lögmæt forföll, og engin beiðni hafi borist frá varnaraðila um að komast inn í meðferð málsins að nýju.

Samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 eru þau skilyrði ein sett fyrir endurupptöku útivistarmáls í héraði, að um hana sé beðið innan þriggja mánaða, frá því að máli lauk, og innan mánaðar, frá því

að stefnda varð kunnugt um málalok. Berist slík beiðni innan þessara tímamarka, er ekki þörf frekari rökstuðnings, og ekki þarf að uppfylla önnur skilyrði en þau, sem leiðir af 3. mgr. greinarinnar um tryggingu. Ótvírætt er, að beiðni varnaraðila um endurupptöku barst héraðsdómara í tæka tíð. Með skírskotun til raka héraðsdómara er fallist á þá niðurstöðu hans, að trygging hafi verið sett með fullnægjandi hætti. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Snorri Ólafsson, greiði varnaraðila, Gylfa Gunnarssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 15. júlí 1994.

Föstudaginn 15. júlí 1994 er dómþing Héraðsdóms Austurlands haldið að Miðstræti 18, Neskaupstað, af Bernhard Bogasyni, settum héraðsdómara, og kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Á dómþingi Héraðsdóms Austurlands í dag var tekin fyrir beiðni Gísla Baldurs Garðarssonar hrl. f. h. Gylfa Gunnarssonar, stefnda í máli þessu, um endurupptöku ofangreinds máls. Jón Oddsson hrl., umboðsmaður Snorra Ólafssonar, stefnanda málsins, hafði uppi mótmæli við endurupptökubeiðninni, og var ágreiningurinn tekinn til úrskurðar í þinghaldinu.

Málið var höfðað af Snorra Ólafssyni, kt. 290844-4289, á hendur Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, til greiðslu skuldar, og var málið þingfest 14. maí 1992 á bæjarþingi Neskaupstaðar. Í þinghaldi 20. janúar 1993 lagði stefndi fram greinargerð og krafðist aðallega frávísunar málsins. Ákveðið var, að málflutningur færi fram um frávísunarkröfuna 22. febrúar 1993, en þá sótti stefndi ekki þing. Dómur var síðan lagður á málið 26. maí sl., og með þeim dómi var stefnda gert að greiða stefnanda 4.534.301 kr. auk dráttarvaxta frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað.

Hinn 16. júní sl. barst Héraðsdómi Austurlands beiðni stefnda um endurupptöku málsins. Í beiðninni kom fram, að stefndi hefði fengið endurrit dóms í málinu í hendur 2. júní sl. Í beiðninni var ekki gerð grein fyrir tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sbr. 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi, dagsettu 24. júní 1994, staðfesti dómurinn móttöku beiðninnar, en tilkynnti jafnframt, að henni yrði ekki sinnt, nema fullnægt yrði

ákvæðum 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um tryggingu fyrir dæmdum málskostnaði. Afrit bréfsins var sent Jóni Oddssyni hrl. Sendi hann dóminum samdægurs bréf, þar sem hann mótmælti endurupptökubeiðninni og óskaði svars dómsins. Dómurinn staðfesti að hafa móttekið bréf lögmannsins, en svaraði bréfinu ekki efnislega, enda hafði dómurinn ekki tekið endurupptökubeiðnina til meðferðar.

Hinn 30. júní barst trygging fyrir málskostnaðinum í því formi, að stefndi stofnaði sérstaka bankabók og lagði inn á hana 354.627,75 kr., hinn dæmda málskostnað, ásamt dráttarvöxtum, og fékk dómurinn vörslur bókarinnar.

Hinn 11. júlí sl. var boðað til þinghalds til að taka endurupptökubeiðnina fyrir. Í því þinghaldi mótmælti lögmaður stefnanda endurupptöku málsins. Vísaði hann sérstaklega til þess, að í bréfi, er fylgdi með tryggingu stefnda, hefði komið fram, að Héraðsdómur Austurlands hefði vörslur nefndrar bankabókar, þar til ráðið yrði um endurupptöku málsins, en þá ætti að afhenda hana Gísli Baldri Garðarssyni hrl. Því hefði fullnægjandi trygging komið of seint fram miðað við tímafresti 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Tryggingin hefði ekki verið sett fram á fullnægjandi hátt, fyrr en lögmaður stefnda hefði gefið yfirlýsingu um, að afhenda mætti stefnanda bankabókina beint, yrði endanleg niðurstaða málsins sú, að málskostnaður yrði lagður á stefnda, en lögmaður stefnda hafði gefið þá yfirlýsingu í upphafi þinghaldsins. Í bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 24. júní, komu fram mótmæli við endurupptökubeiðninni á þeim grundvelli, að trygging þyrfti að koma fram í síðasta lagi með beiðni um endurupptöku.

Lögmaður stefnda kvað trygginguna hafa verið fram setta í samræmi við 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Orðalag bréfsins vísaði til þess, að það væri skilningur stefnda, að hann væri greiðandi málskostnaðarins, en ekki dómurinn.

Lögmennirnir reifuðu sjónarmið sín í þinghaldinu og lögðu ágreininginn í úrskurð dómsins.

### *Niðurstaða.*

Miða verður við, að 2. júní sl. hafi stefnda orðið kunnugt um niðurstöðu dómsins frá 26. maí sl. Hinn 30. júní opnaði stefndi sérstakan sparisjóðsreikning vegna málsins og lagði inn á hann fjárhæð, sem jafngildir málskostnaði þeim, sem á hann var lagður í dóminum. Reikningurinn var stofnaður í útibúi Landsbankans á Egilsstöðum, sem geymir sparisjóðsbókina, en héraðsdómur hefur geymslukvittun bókarinnar. Líta verður svo á, að með því að stofna reikninginn hafi stefndi sett fram tryggingu í samræmi við 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, enda allur málalíbúnaður hans í samræmi við ákvæði þeirrar lagagreinar. Með vísan til 3. mgr. 137. gr. laga nr.

91/1991 metur dómurinn trygginguna gilda, og samkvæmt framansögðu verður að telja, að beiðni um endurupptöku ásamt gildri tryggingu fyrir dæmdum málskostnaði hafi borist innan mánaðar, frá því að stefnda varð kunnugt um niðurstöðu dóms þess, sem kveðinn var upp 26. maí sl. Er því fullnægt skilyrðum 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að verða við kröfu stefnda um endurupptöku málsins nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Endurupptekið er málið nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

---